

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 11. júní 2019:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði harma það að ekki hafi tekist að klára Dalskóla. Starfsfólk og börn þurfa því áfram að vera í vinnuástöðu sem fylgir mikið rask. Það er því mikilvægt að takmarka öll óþægindi bæði fyrir börn og starfsfólk. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska því eftir að börn og starfsfólk fái góðan og næringarríkan mat sem uppfyllir viðmið Landlæknisebættisins og lög um grunnskóla kveða á um, á meðan á þessum framkvæmdum stendur. Það er mjög mikilvægt að tryggja það að svo verði þó svo að það sé kostnaðarsamt vegna framkvæmda. Börn og starfsfólk í Dalskóla hafa sýnt mikla þolinmæði og þrautseigju á þessum framkvæmdatíma. Skóla- og frístundaráð verður því að tryggja að heitar máltíðir geti verið afgreiddar í skólanum fram að áramótum eða þangað til mótuneyti skólans verði fullklárað og hægt er að fara að elda á staðnum.